



Málsnr.: 2018084450

Kjallasafn Mosfellsbæjar – Kjarna

25 OCT 2018

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
Bréfalykill: 0.2

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 22. október 2018
Tilv.: SRN18080036/4.13.2

Með erindi dags. 17. ágúst sl., sbr. einnig leiðrétting 21. s.m., barst ráðuneytinu kvörtun Sveins Óskars Sigurðssonar, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, þar sem hann óskaði eftir því að ráðuneytið úrskurðaði um lögmæti nýs ráðningarsamnings bæjarstjóra sveitarfélagsins, sem hann taldi fara gegn ákvæði 4. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Í 1. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að sveitarstjórn sé skylt að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Þá segir í 4. mgr. 32. gr. að sveitarstjórnarmaður megi ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli greinarinnar. Sambærileg ákvæði eru í 24. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar, nr. 238/2014. Bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Haraldur Sverrisson, er einnig bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.

Með bréfi dags. 20. ágúst sl. óskaði ráðuneytið eftir umsögn bæjarstjórnar Mosfellsbæjar um málið sem barst með bréfi lögmanns bæjarins dags. 7. september sl. Er því þar mótmælt að ráðningarsamningur bæjarstjóra fari gegn tilvitnuðu ákvæði 4. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um almennt stjórnsýslueftirlit ráðherra með sveitarfélögum fer eftir XI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Segir þar í 112. gr. að ráðuneytið ákveði sjálft hvort tilefni sé til að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnsýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess skv. 109. gr., óháð því hvort um kæránlega ákvörðun sé að ræða skv. 111. gr. Hefur ráðuneytið haft til skoðunar hvort kvörtun bæjarfulltrúans gefi tilefni til slíkrar frumkvæðisathugunar á grundvelli framangreindrar 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í gögnum málsins kemur fram að bæjarráð Mosfellsbæjar hafi í sumarleyfi bæjarstjórnar tekið þá ákvörðun að allar þóknanir sveitarfélagsins til bæjarstjóra séu á ráðningartíma hans innifaldar í þeim launum sem hann þiggur skv. ráðningarsamningi. Þá verður ekki séð að Haraldur Sverrisson bæjarstjóri hafi afsalað sér einhverjum þeirra greiðslna sem honum hafa verið ákvarðaðar fyrir störf hans í þágu bæjarins.

Að því virtu sem hér hefur verið rakið telur ráðuneytið að framangreind kvörtun Sveins Óskars Sigurðssonar gefi ekki tilefni til frekari umfjöllunar af hálfu þess. Er málinu því því lokið af hálfu ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Ólafur Kr. Hjörleifsson

Samrit: Sveinn Óskar Sigurðsson
Barrholti 23
270 Mosfellsbær